



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
2. júlí 2018

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Þriðji ársfjórðungur 2018

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 7-10 ma.kr. að söluvirði¹.
- Áformað er að gefa út í flokkunum RIKB 22 1026 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2018 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrri helmingi ársins var samtals 23,2 ma.kr. að söluvirði.

Á öðrum ársfjórðungi var stefnt að því að selja ríkisbréf fyrir 8-12 ma.kr. að söluvirði. Seld voru ríkisbréf fyrir 12 ma.kr. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á öðrum ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr	
	Hámark	Raun
RIKB 22 1026	8	8,2
RIKB 28 1115	12	3,8
Samtals		12,0

Til viðbótar voru haldin skiptiútboð þann 6. apríl og 18. maí þar sem eigendum var boðið að skipta RIKB 19 0226 út fyrir RIKB 20 0205. Niðurstaðan varð sú að Lánamál ríkisins keyptu til baka 4,3 ma.kr. í RIKB 19 gegn afhendingu á RIKB 20 fyrir 4,3 ma.kr. Einnig keypti ríkissjóður 22,4 ma.kr. í RIKB 19 af Seðlabankanum í apríl sl.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) þ.e. verð án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Ríkissjóður hefur jafnframt keypt til baka á eftirmarkaði bréf í eigin flokki, RIKH 18 1009. Tilgangur með kaupnum er að draga úr endurfjármögnunaráhættu en flokkurinn fellur á gjalddaga 9. október næstkomandi. Ríkissjóður keypti samtals til baka 19,3 ma.kr. að nafnverði í þessum uppkaupum þar af 4,7 ma.kr. af Seðlabankanum.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **7-10 ma.kr.** og verður áherslan á 5 og 10 ára markflokkaútgáfu. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á þriðja ársfjórðungi 2018

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 22 1026	7
RIKB 28 1115	10

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Ríkisvixlaútgáfa er með breyttu sniði miðað við síðastliðin ár. Útgáfan tekur meira tillit til þess að ná yfirlýstu markmiði í lausafjárstýringu þ.e. að halda stöðu ríkissjóðs á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum að jafnaði í 40 ma.kr. Það getur þýtt að talsverðar sveiflur geta orðið í útgáfunni frá einum tíma til annars til að jafna betur sveiflur á viðskiptareikningnum. Staða ríkisvixla í lok annars ársfjórðungs nam 15,7 ma.kr.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.